



Fréttatilkynning

HRINGBORÐ NORÐURSLÓÐA – ARCTIC CIRCLE Á ANNAD ÞÚSUND ÞÁTTTAKENDUR FRÁ UM 50 LÖNDUM OG 70 MÁLSTOFUR STEFNURÆÐA FORSETA FRAKKLANDS

Þriðja þing Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle verður haldið í Hörpu 16. – 18. október og munu hátt á annað þúsund þátttakendur frá um 50 löndum sækja þingið. Forseti Frakklands Francois Hollande mun flytja stefnuræðu á fyrsta degi þingsins og forseti Kína Xi Jinping og kanslari Þýskalands Angela Merkel hafa ákveðið að sérstakar sendinefndir muni á þinginu kynna stefnu og aðgerðir ríkjanna í málefnum Norðurslóða.

Auk þess munu háttsettir fulltrúar frá utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna, Hvíta húsinu og Öldungadeild Bandaríkjaþings fjalla um forystu Bandaríkjanna í málefnum Norðurslóða og sérstakur sendimaður Vladimirs Putins Rússlandsforseta og rússneskir sérfræðingar fjalla um framtíðarstefnu Rússlands á Norðurslóðum. Forsætisráðherra Grænlands Kim Kielsen og nýr lögmaður í Færeyjum Aksel V. Johannesen munu og koma á þingið.

Þingið sækja fulltrúar frá fjölda landa í Evrópu og Asíu sem og frá öllum ríkjum Norðurslóða. Þeirra á meðal eru þjóðhöfðingjar, ráðherrar, embættismenn, vísindamenn, sérfræðingar, umhverfissinnar,

athafnamenn, stjórnendur fyrirtækja, fjölmiðlafólk ásamt forystumönnum frumbyggjasamfélaga á Norðurlóðum.

Fjölmargar alþjóðlegar vísindastofnanir, háskólar og náttúruverndarsamtök munu senda fulltrúa á þingið og taka þeir þátt í umræðum og málstofum um fjölmörg efni Norðurlóða. Má þar sem dæmi nefna forystumenn hinna þekktu alþjóðlegu náttúruverndarsamtaka World Wildlife Fund. Þá munu stjórnendur fyrirtækja frá Bandaríkjunum, Kína, Þýskalandi og fleiri löndum kynna áætlanir sínar um fjárfestingar og umsvif á Norðurlóðum. Þeirra á meðal eru bandaríski fjárfestingasjóðurinn Guggenheim, kínverska orkufyrirtækið Sinopec sem er eitt hið stærsta í heimi og Bremenhöfn, ein af stærstu höfnum Evrópu.

Auk allsherjarfunda þingsins verða þar haldnar um 70 málstofur um fjölda efna en þær eru skipulagðar af stjórnvöldum ýmissa ríkja, háskólum og vísindastofnunum, umhverfisverndarsamtökum, fyrirtækjum og öðrum aðilum.

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hafði ásamt öðrum forystumönnum í málefnum Norðurlóða frumkvæði að stofnun Hringborð Norðurlóða – Arctic Circle sem nú þegar er orðið stærsta og fjölþættasta árlega samkoma veraldar um málefni og framtíð Norðurlóða.

Skipuleggjendur Arctic Circle hafa ákveðið að gefa nokkur hundruð áhugasömum Íslendingum kost á að kynna sér málefni Norðurlóða með þátttöku í þinginu og geta viðkomandi skráð sig næstu daga á vefsíðunni www.arcticcircle.org

Heildardagskrá þings Hringborðs Norðurlóða – Arctic Circle er líka að finna á vefsíðunni www.arcticcircle.org

Nánari upplýsingar um þingið, skipulag þess og þátttöku veitir skrifstofa Arctic Circle, secretariat@arcticcircle.org

október 2015